

# STJÓRNARTÍÐINDI B 7 – 2001

---

15. janúar 2001

49

Nr. 29

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 77, 6. febrúar 1998, um botn- og flotvörpuveiðar.

1. gr.

Við C. lið 4. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo: Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessa liðar er heimilt í fiskveiðilandhelgi Íslands við karfaveiðar með flotvörpu á dýpra vatni en 200 föðmum, sunnan 66°10'N við Vesturland og sunnan 64°45'N við Austurland, að festa styrktarnet á bæði byrði vörpunnar á 40 öftustu metra hennar. Skal riðill í 20 öftustu metrum styrktarnetsins ekki vera minni en riðillinn í vörpunni en í næstu 20 metrum styrktarnetsins þar fyrir framan skal riðillinn a.m.k. tvöfalt stærri en riðill vörpunnar. Styrktarnetið festist að ofan, neðan og á hliðunum.

2. gr.

Í stað: „35“ í 5. gr. komi: 40.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. janúar 2001.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*